



**BA-ritgerð
í lögfræði**

**Lögbundnar takmarkanir á veðsetningu fjárhagslegra
verðmæta**

Örn Viggósson

Leiðbeinandi Hákon Zimsen

Ágúst 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD



EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	4
2 Hugtakið veðréttur.....	5
2.1 Stofnun samningsveðs	5
2.2 Heimild til veðsetningar	6
3 Lögbundnar takmarkanir á heimild til veðsetningar í samningsveðs- og hjúskaparlögum.....	7
3.1 Inngangur.....	7
3.2 Lög um samningsveð.....	8
3.2.1 Sérgreiningarreglan.....	8
3.2.2 Takmörkun 4. mgr. 3. gr. svl.	10
3.3 Takmarkanir á veðsetningu eigna í hjúskaparlögum	12
3.3.1 Tilgangur takmarkana hjúskaparlaga	12
3.3.2 Um 60. gr. hjúskaparlaga	13
3.3.3 Um 61. gr. hjúskaparlaga	14
3.3.4 Ákvæði 62.-65. gr. hjúskaparlaga	15
4 Dæmi um önnur lög sem takmarka veðsetningu	16
5 Afleiðingar þess að eignir eru heimildarlaust veðsettar og úrræði.....	19
6 Niðurlag.....	20

1 Inngangur

Veðréttindi er þau réttindi sem hvað mesta þýðingu hafa varðandi fjárhagslegar skuldbindingar einstaklinga og lögaðila. Veðréttindi geta gefið ákveðna tryggingu fyrir greiðslu vegna fjárhagslegra skuldbindinga og veita í senn forgangsrétt og fullnusturétt að henni. Þegar unnið er með svo mikilvæg réttindi í lögskiptum, verða að vera til fastmótaðar reglur sem segja til hvernig með réttindin skuli fara komi upp ágreiningur.

Í 2. mgr. 2. gr. samningsveðslaga nr. 75/1997 (hér eftir svl.) segir að til samningsveðs megi ekki stofna nema stoð hafi í lögum. Með öðrum orðum þá verður samningsveð að vera heimilt að lögum og ekki takmarkað, annars er stofnunin ekki gild á þann hátt að veðsetningin njóti réttarverndar. Í lögum eru oft sett ákvæði sem að takmarka eða banna með öllu framsal á ákveðnum eignum eða réttindum manna. Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. svl. gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindin og gilda um framsal. Í þeim tilvikum þar sem takmarkanir eru settar við framsali og þar með veðsetningu eigna með lögum, hefur löggjafinn tekið þá ákvörðun að eignir eða réttindi séu þess eðlis að brýnt sé að halda eignarhaldi þeirra í skefjum að einhverju leyti. Ýmsar ástæður geta legið því að baki að svo sé til hagað. Til dæmis hvaða áhrif það gæti haft gagnvart þriðja manni að eignarhald sé skert eða framselt. Réttindin geta verið þess eðlis að framsal þeirra sé óæskilegt og einnig geta þjóðfélagslegir hagsmunir kallað á það að réttindin haldist í forráðum ríkisins með leyfisveitingum. Í ritgerð þessari verður skoðað hvar slíkar takmarkanir er að finna í íslenskum lögum og hvers kyns þær takmarkanir eru. Vitaskuld verður það ekki tæmandi talið, en megindrættir dregnir upp.

Ekki verður farið yfir þau atriði samningsveðslaganna né þinglýsingarlaganna um skilyrði þinglýsingar samninga fyrir réttarvernd, heldur einungis staldrað við gildisskilyrði þeirra.

Sérstaklega verða skoðuð ákvæði laga um samningsveð og ákvæði laga tengd hjúskap og hugleitt hvaða ástæður liggja að baki sérstökum takmörkunum á veðsetningu eigna fólks í hjúskap. Síðar verður farið yfir afleiðingar þess að eignir séu heimildarlaust veðsettar. Að lokum verður svo hugleitt hvert umfang takmarkananna er að íslenskum rétti og hvar þeirra nýtur mest við. Í umfjöllun verður vísað til dóma Hæstaréttar Íslands eftir því sem við á.

Umfjöllunin miðast við gildandi rétt þann 15. ágúst 2014.

2 Hugtakið veðréttur

Veðréttur er ein tegund takmarkaðra eða óbeinna eignaréttinda. Takmörkuð (óbein) eignaréttindi þrengja að jafnaði annan og víðtækari rétt, sem stundum hefur verið nefndur beinn eignaréttur, en oftast er tilgreindur með orðinu eignaréttur einu saman. Hugtakið veðréttur hefur verið talið hafa þrenns konar merkingu. Í fyrsta lagi getur veðréttur staðið fyrir þær réttarreglur sem að gilda um veð. Veðréttur getur í öðru lagi merkt það sama og veðréttindi. Veðréttindi heimila réttshafanaum að krefja um tiltekna greiðslu og veita honum að jafnaði forgangsrétt til þess framfar öðrum skuldheimtumönnum veðsala að taka fullnustu þessarar greiðslu ef ekki er greitt á umsömdum tíma, af fjárvirði veðandlagsins. Í þriðja lagi er veðréttur heiti fræðigreinar innan lögfræðinnar.¹

Í fræðiritum eru það talin megineinkenni veðréttinda, að þau heimili veðhafa að krefja veðþola um fjárgreiðslu og tryggi forgangsrétt til þess að taka fullnustu þeirrar greiðslu ef veðsali stendur ekki við skuldbindingar sínar, af verðmæti tiltekinnar eignar, veðsins.² Fræðimenn hafa skilgreint hugtakið á mismunandi vegu, en allar skilgreiningarnar benda í sömu átt. Veðréttindi tryggja heimild til þess að krefja um greiðslu þann sem að setur eign að veði, fyrir þeim skuldbindingum sem að standa að baki veðsetningunni.³

Til veðréttinda getur stofnast með mismunandi hætti að lögum og eftir því er greint á milli sammingsveðs, aðfararveðs og lögveðs, en í þessari ritgerð er einblínt á hið fyrst nefnda, þ.e. hvenær lög takmarka stofnun sammingsveðs. Sammingsveð stofnast með löggerningi, eins og fjallað verður um hér á eftir, og er það fyrst og fremst samningur aðila, sem sker úr um það hverjar kröfur veðrétturinn tryggir og hversu umfangsmikill veðréttur veðhafa er.⁴ Samningurinn þarf að fullnægja almennum reglum um gildi loforða, en einnig þarf hann að samrýmast ákvæðum laga.

Rétt er að byrja á því hvernig til sammingsveðs stofnast áður en farið er í takmarkanir á heimildum til veðsetningar. Verður því í þessum kafla mjög stuttlega tekið fyrir hvernig stofnast getur til þesskonar veðssamninga og hvert eðli þeirra er.

2.1 Stofnun sammingsveðs

Til sammingsveðréttinda teljast þau veðréttindi, sem stofnað er til með löggerningi og m.a lög um sammingsveð fjalla um. Orðið sammingsveð er ekki hægt að túlka á þann veg að skriflegum

¹ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 43

² Gaukur Jörundsson: *Um veðréttindi*, bls. 13

³ Ólafur Lárusson skilgreinir hugtakið í *Fyrirlestrar um veðréttindi*, bls. 16. Þar skilgreinir hann veðréttindi sem svo, að þau séu réttindi, sem veiti heimild til þess að krefja um fjárgreiðslu og til þess að taka fullnustu þeirrar greiðslu, sé hún ekki innt af hendi, af peningaverði ákveðinnar eignar, og gangi þessi réttur veðhafa fyrir rétti almennra kröfuhafa.

⁴ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 44

samningur verði að vera til grundvallar samningsveði. Fræðilega ætti munnlegur samningur að vera jafngildur, en vegna vandkvæða við sönnunarfærslu um veðréttindi auk reglna um þinglýsingar hefur þessi aðgreining tæplega praktíska þýðingu.

Meginreglan í íslenskum rétti, er sú, að til samningsveðs verði ekki stofnað svo gildi hafi að lögum, nema slík veðsetning sé heimiluð í lögum, sbr. 2. mgr. 2. gr. svl. Áskilnaður 2. mgr. 2. gr. svl. lýtur í fyrsta lag að því hvaða verðmæti er heimilt að veðsetja með samningi. Af ákvæðinu leiðir, að samningar um veð í öðrum fjárverðmætum en þeim, sem nefnd eru í veðlögum eða öðrum lögum, eru ógildir í heild eða að hluta.⁵ Þá er í öðru lagi áskilið, að veðréttur verði einungis stofnaður með þeim hætti, sem lög leyfa.⁶

Talið hefur verið að veðréttindi geti ekki stofnast fyrir hefð. Eru veðréttindin ekki meðal þeirra réttinda sem hefðarlögin taka fram, að stofnast geti með þeim hætti, sbr. 6. – 8. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Veðréttindi miða að því að ákveðin greiðsla sé innt af hendi, og heimila að taka fullnustu greiðslunnar af ákveðinni eign, ef um vanefndir verður að ræða. Sá réttur heimilar ekki réttthafanum slík umráð, að jafnað verði til eignarhalds eða notkunar í skilningi hefðarlaga.⁷ Hins vegar geta traustfangsreglur stundum leitt til þess að samningsveð teljist stofnað. Þær réttarreglur leiða til þess að aðili sem fær réttindi framseld, öðlist betri rétt en fyrirrennari hans átti.

Veðsali verður að hafa nægilegan rétt til þess að ráðstafa eign með þeim hætti sem veðsetning krefst. Til þess er nauðsynlegt að hann eigi beinan eignarrétt að henni eða hafi sérstaka eignarheimild frá eiganda hennar, t.d. þinglýst samþykki. Má í þessu sambandi nefna reglur um lánsveð sem m.a. er fjallað um í lögum um ábyrgðarmenn nr. 32/2009. Þá er til þess að líta að takmörkuð eignarréttindi þriðja manns eins og ítök eða önnur réttindi sem að óheimila sumar ráðstafanir eiganda, eða kvaðir (t.d. þinglýsingarbann) á eigninni geta verið því til fyrirstöðu að eigandinn leggi á hana veðbönd.⁸

2.2 Heimild til veðsetningar

Viðfangsefni eignaréttarins eru fyrst og fremst réttarreglurnar um hin fjárhagslegu verðmæti og skuldbindingar út af þeim. Áður fyrr var eignarétturinn skilgreindur á jákvæðan hátt, með því að telja upp þær heimildir sem hann fengi mönnum. Nú tíðkast hins vegar að skilgreina hann neikvætt, þ.e. á þá leið að í honum felist réttur til hvers konar ráðstafana og umráða yfir hlut,

⁵ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2136

⁶ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2136

⁷ Gaukur Jörundsson: *Um veðréttindi*, bls. 18

⁸ Gaukur Jörundsson: *Um veðréttindi*, bls. 19

að svo miklu leyti sem ekki eru sérstakar takmarkanir á því gerðar.⁹ Í þessu sambandi er heimildin til veðsetningar stór hluti þess að geta fjárnýtt eign sína. Þetta eru hin *réttarlegu yfirráð eiganda* yfir eign, en þau felast í því að eigandinn getur ráðstafað eign sinni með löggerningi. Hann getur selt eignina, veðsett hana, stofnað til afnotaréttinda yfir henni o.s.frv.¹⁰ Svo þess konar ráðstafanir haldi gildi, verða þær að uppfylla ákveðin skilyrði, eða sæta ákveðnum takmörkunum, sem sett eru fram í lögum. Áskilnaður lagaákvæðanna sem að mæla fyrir um gildisskilyrði veðsamninga, lúta þannig að því að veðréttur verður einungis stofnaður með þeim hætti sem lög leyfa.¹¹

3 Lögbundnar takmarkanir á heimild til veðsetningar í samningsveðs- og hjúskaparlögum

3.1 Inngangur

Meginregla íslensks réttar er sú, að stofna má til veðréttinda yfir hvers konar verðmætum sem hafa fjárhagslegt gildi. Ákveðin verðmæti geta þó verið háð þeim takmörkunum, að þau séu ekki framseljanleg eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum. Gilda þá sömu takmarkanir hvað varðar heimild til að veðsetja réttindin, sbr. 2. mgr. 3. mgr. svl. þar sem segir að þegar réttindi eru háð þeim takmörkunum að þau eru ekki framseljanleg, eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum, gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindin.

Í þessu felst að séu réttindin ekki framseljanleg, er heldur ekki hægt að veðsetja þau.¹² Óheft heimild til veðsetninga og ákvörðunar um fyrirkomulag þeirra getur leitt af sér öryggisleysi í fjárhagslegum samskiptum manna.¹³ Er því ríkt tilefni til þess að lögbinda sértækar takmarkanir á veðsetningum eftir þörfum.

Takmarkanir á heimild til veðsetningar samkvæmt 2. mgr. 3. gr. svl. er ekki einungis bundið við lögbundnar takmarkanir, heldur nær ákvæðið einnig yfir samningsbundnar takmarkanir. Hér verður einungis rætt um þær lögbundnu takmarkanir sem að ákvæðið nær til.

Fyrst verður farið yfir takmarkanir laga um samningsveð á stofnun samningsveða yfir einstökum verðmætum sem hafa fjárhagslegt gildi. Næst verður fjallað um takmarkanir hjúskaparlaga á veðsetningu eigna fólks í hjúskap, en þessir tveir lagabálkar eru þeir sem mest

⁹ Þorgeir Örlygsson: *Kaflar úr eignarétti*, bls. 22

¹⁰ Þorgeir Örlygsson: *Kaflar úr eignarétti*, bls. 23

¹¹ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 113

¹² Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2137

¹³ Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2132

gildi hafa í þessum efnum. Síðast verður svo farið almennt, í dæmaskyni, yfir önnur lög sem að takmarka veðsetningu verðmæta.

3.2 Lög um sammingsveð

Núgildandi lög um sammingsveð tóku gildi hinn 1. janúar 1998. Setning þeirra hafði það að markmiði að bæta lagaumgjörðina sem að náði til sammingsveðsetninga og móta hana betur að breyttum atvinnu- og viðskiptaháttum, en eldri lög nr. 18/1887 voru þá talin frekar úrelt.

Lögin eru almenns eðlis og frávikjanleg, sbr. 1. mgr. 2. gr. svl. Þar segir að víkja megi frá ákvæðum laganna með samningi nema annað sé tekið fram eða megi leiða af atvikum. Einnig víkja ákvæði sammingsveðslaganna fyrir sérákvæðum um sammingsveðsetningar í öðrum lögum, sbr. 3. mgr. 2. gr., eða *lex specialis*. Þegar reglan um *lex specialis* á við, þýðir það að sérregla gildi um atvik, enda þótt almennari regla sem einnig verður talin eiga við um atvikið liggi fyrir.¹⁴

Mikið fer fyrir ákvæðum í sammingsveðlögum sem að mæla fyrir um skilyrði þess að veðsamningar njóti réttarverndar. Þótt slíkt sé að sjálfsgöðu takmörkun að einhverju leyti gagnvart því að veðhafar njóti veðréttar eftir samningi að fullu, er það frábrugðið því að samningar teljist ógildir. Þannig getur veðréttur verið til staðar þótt ekki njóti hann réttarverndar. Öflun réttarverndar er þó eitt mikilvægasta atriðið við að tryggja forgangsrétt til fullnustu veðandlagsins.¹⁵ Þrátt fyrir það verður að gera hér greinarmuninn skýran, því hér er einungis fjallað um takmarkanir á veðsetningu sem slíkri, en ekki takmörkun réttarverndar slíkra samninga.

Í lögum um sammingsveð er að finna tvær meginreglur sem að takmarka heimild manna til þess að veðsetja eignir sínar. Sérgreiningarreglan og bann við veðsetningu réttinda til nýtingar í atvinnurekstri í 4. mgr. 3. gr. eru þær reglur sem í þessum kafla verður fjallað um. Reglurnar koma fram í 3. gr. laganna og fjalla um heimild manna til veðsetningar. Tilgreiningarreglan, sem kemur fram í 4. gr. er önnur hlið sérgreiningarreglunnar, en hún kveður á um það að tilgreina verði í þinglýstu veðskjali upphæð kröfu svo samningurinn njóti réttarverndar, en sú regla rúmast ekki innan viðfangsefnis ritgerðarinnar.

3.2.1 Sérgreiningarreglan

Með ákvæðum 1. og 2. mgr. 4. gr. veðlaganna 1887 var lögfest hin svokallaða sérgreiningarregla í íslenskum veðrétti. Afleiðing lögfestingar reglunnar er sú að sjálfsvörsluveð verður einungis stofnað í einstaklega tilteknum eignum og verður að gera

¹⁴ Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 79-80

¹⁵ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 62

nægilega skýra grein fyrir þeim í veðsamningi, hver hin veðsetta eign er og sé um fleiri eignir að ræða verður að telja þær allar upp í veðbréfi og auðkenna hverja einstaka eign nægilega. Misbrestur á þessu hefur verið talinn hafa þær afleiðingar í för með sér að veðsetningin sé ógild.¹⁶ Haldið var í þessa reglu í núgildandi lögum um sammingsveð, sbr. 1. og 3. mgr. 3. gr.

Takmörkun sérgreiningarreglunnar á veðsetningu veðsala nær eingöngu til sjálfsvörsluveðsamninga, þar sem veðsali sjálfur hefur yfirráð yfir hinu veðsetta. Handveðssamningar, þar sem hið veðsetta er fráskið frá öðrum eignum veðsala, er því undanskilið takmörkuninni og þarf ekki að sérgreina það sem handveðshafi hefur sjálfur undir höndum.

Í 1. mgr. 3. gr. svl. segir að veðréttur verði ekki stofnaður í einu lagi í öllu því sem veðsali á eða kann að eignast. Þetta er sama regla og var í eldri veðlögum, sbr. 1. mgr. 4. gr. þeirra laga. Er þetta einnig, eins og síðar verður nefnt, öryggisventill gegn því að menn veðsetji allt sem þeir eiga, á einu bretti. Vitanlega er möguleiki á að veðsetja allt eignarsafn sitt með vel sérgreindum veðsamningi sem að nær til alls lausafjár manns, en reglan hefur það að markmiði að vernda hagsmuni veðhafa eða annarra kröfuhafa. Það er t.d. forsenda þess að unnt sé að beita veðrétti að ljóst sé að hvaða lausafjarmunum megi ganga samkvæmt veðsamningi. Áskilnaður um nægjanlega sérgreiningu í veðskjali þjónar þeim tilgangi að tryggja sönnun í þeim efnum.¹⁷

Í 3. mgr. 3. gr. svl. segir, að ekki sé heimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og eru einkenndir einu almennu nafni. Í *Hrd. 1933, bls. 436 (sauðfé)*, sem féll í tíð eldri veðlaga, var sérgreiningarreglunni beitt, en þar sagði Hæstiréttur m.a.:

[...] er það bannað í 4. gr. veðlaga nr. 18, 4. nóv. 1887, að setja að sjálfsvörsluveði heildarsafn muna, þ. e. hóp ósérgreindra muna, sem einkenndir eru einu almennu nafni. Frá þessu banni 1. gr. veðlaganna eru að vísu nokkrar undantekningar gerðar í lögum, en engin þeirra getur átt við veðrétt þann, er ræðir um í máli þessu. Í veðbréfi því, er hér ræðir um, er hið veðsetta sauðfé eigi sérgreint. [...]þá er hér að ræða um sjálfsvörsluveðsetningu á heildarsafni hluta, sem samkvæmt framansögðu verður að meta ógilda[...].

Eins og áður segir var haldið í sérgreiningarregluna við setningu laga um sammingsveð árið 1997. Tekið er fram í frumvarpi laganna, að reglan hafi þjónað vel tilgangi sínum, og eru margvísleg rök að baki því að halda uppi þessari takmörkun fyrir því að menn veðsetji ósérgreindar eignir

¹⁶Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2129

¹⁷ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 106

Undantekningar eru frá reglunni og er þær helst að finna í undirkafla B í III. kafla laganna um rekstarveð. Í 24. gr., sem fjallar um afmörkun veðréttar í rekstrartækjum, segir í 1. mgr. að þegar rekstraraðili veðsetur fasteign sem er varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga nær veðréttur í fasteigninni, ef um það hefur verið samið, einnig til rekstrartækja sem heyra rekstrinum til. Felur þetta í sér undantekningu frá sérgreiningarreglunni að því leyti að ekki þarf að afmarka rekstrartæki sem að fylgja fasteign sem varanlega er útbúin til atvinnureksturs. Svo að ákvæði 1. mgr. 24. gr. eigi við, þarf því skilyrði að vera fullnægt, að viðkomandi fasteign sé varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga.¹⁸

Veðsetning lausafjármuna hefur í för með sér takmarkanir á ráðstöfunarheimild veðsala, en þeim takmörkunum er komið í kring með viðeigandi tryggingarráðstöfunum. Þær geta falið í sér þinglýsingu veðsamnings til tryggingar réttarverndar, eða umráðasviptingu veðsala til veðsins. Þær ráðstafanir hafa það m.a. að markmiði að gera þriðja manni kunnugt um veðsetninguna og fyrirbyggja að veðsali geti ráðstafað hinu veðsetta þannig að í bága farið við hagsmunum veðhafa. Þegar að um sjálfsvörsluveð er að ræða, er það nauðsynlegt að hinu veðsetta sé lýst skilmerkilega, svo það sé full ljóst hvað sé veðsett og það aðgreint frá öðrum, óveðsettum eignum veðsala. Meta verður hverju sinni hvenær frávik frá þessari reglu leiðir til ógildingar. Sjá verður hvort raskað hafi verið þeim hagsmunum sem reglunni er ætlað að vernda.¹⁹

3.2.2 Takmörkun 4. mgr. 3. gr. svl.

Í ákvæði 4. mgr. 3. gr. svl. segir, að eigi sé heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar. Þessi grein lýtur að einu umdeildasta lögfræðilega álitaefni síðari tíma, um veðsetningu aflaheimilda. Verður í þessum kafla tekið fyrir takmörkun ákvæðis 4. mgr. 3. gr. og það skoðað út frá veðsetningu aflaheimilda.

Með þessu ákvæði er átt við réttindi sem tengd eru ákveðnu fjárverðmæti, svo sem aflahlutdeild er tengd fiskiskipi eins og kemur fram í ákvæðinu sjálfu. Ef fiskiskip sem aflahlutdeild er skráð á er veðsett, er óheimilt að skilja aflahlutdeildina frá skipinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindin eiga, sbr. 2. másl. 4. mgr. 3. gr. Rökin fyrir þessari takmörkun samningsveðslaganna liggja í undirstöðum laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (hér eftir fsl.), en þar segir í 1. gr. að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku

¹⁸ Alpt. 1996-97, A-deild, bls. 2168

¹⁹ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 106-7

þjóðarinnar. Um takmarkaðan og tímabundinn nýtingarrétt er því að ræða og óeðlilegt að hægt sé að binda hann í fjárhagslegum tilgangi með veðsetningu. Í 3. másl. sömu greinar segir svo að úthlutun aflaheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Aflaheimildin sem slík getur ekki staðið ein sem veðandlag samkvæmt 4. mgr. 3. gr. svl. og kom það skýrt fram í Hrd. 282/2005 (*Bjarmadómur*):

S veitti Útgerðarfélaginu Bjarma ehf. lán með veði í fiskiskipi félagsins með þeim skilmálum að veðið næði einnig til aflaheimilda skipsins. Skipið sökk og í máli sem Bjarmi höfðaði á hendur tryggingafélaginu til heimut bóta var tryggingafélagið sýknað. Bú Bjarma var tekið til gjaldþrotaskipta og seldi skiptastjórinn veiðiheimildirnar. Það vildi S ekki sætta sig við og krafðist þess að krafa hans til handa búsins yrði viðurkennd sem veðkrafa. Með vísan til 4. mgr. 3. gr. svl. var talið að þar sem óheimilt hefði verið að veðsetja fiskveiðiheimildir skipsins hafi veðréttur S ekki getað náð til þeirra eftir að skipið fórst og gæti krafa hans ekki fengið stöðu í réttindaröð samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. en yrði með réttu skipað í röð almennra krafna samkvæmt 113. gr. laganna.

Inntak þessa ákvæðis hefur verið langlíft þrætuepli íslenskrar lögfræði og menn ekki á sama máli um hvaða þýðingu þetta orðalag hafi. Ekki verður farið nánar út í einstaka hugmyndir fræðimanna um inntak 1. gr. fsl., enda væri það efni í sérstaka ritgerð. Nauðsynlegt er þó að hafa það hugfast, hvernig hlutunum samkvæmt fsl. er háttað þegar talað er um takmörkun 4. mgr. 3. gr. svl. á veðsetningu aflahlutdeildar. Með því fæst betri vitund um rökin að baki takmörkun laga um samningsveð á veðsetningu aflaheimilda, aðskilin frá fjárverðmæti.

Markmið fiskveiðilöggjafarinnar hefur ekki eingöngu verið það að vernda auðlindina, heldur einnig að nýta hana með hagkvæmum hætti. Í upphafi var tekið upp lokað veiðileyfakerfi þar sem úthlutun var miðuð við fiskiskip. Síðar gekk dómur *Hrd. 1998, bls. 4976 (Veiðileyfadómur)* sem að gjörbreytti stefnunni. Eftir það var hið lokaða veiðileyfakerfi afnumið og hefur síðan þá grundvallast á almennum veiðileyfum.²⁰

Í frumvarpi svl. segir í greinargerð, að hvað aflahlutdeild fiskiskipa varði sé með þessu ákvæði sérstaklega verið að undirstrika og leggja áherslu á það viðhorf löggjafans, sem fram kemur í 1. gr. laga nr. 38/1990 (nú lög nr. 116/2006), um stjórn fiskveiða, að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt þeim lögum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Sé því fyrst og fremst um takmarkaðan og tímabundinn nýtingarrétt að ræða. Ákvæði 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins um bann við því að skilja hinar úthlutaðu nýtingarheimildir frá veðandlaginu (veiðiskipinu) sé í engu ætlað að breyta þessu eðli og inntaki nýtingarréttarins.²¹

²⁰ Helgi Áss Grétarsson: *Þjóðin og kvótinn*, bls. 19

²¹ Alpt. 1996-97, A-deild, bls. 2137.

Þótt ákvæðið banni veðsetningu réttindanna, kemur það ekki í veg fyrir að aðilaskipti geti orðið að þeim. Raunin er einungis sú að réttindin sem ákvæðið tekur til, t.d. aflahlutdeild, geta ekki orðið sjálfstætt andlag veðréttar. Að auki er óheimilt að skilja réttindin frá veðsettu fjárverðmæti, nema með samþykki veðhafa. Varðar það refsingu skv. 2. mgr. 48. gr. frumvarpsins með sama hætti og skilasvik, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lagaákvæðum.²²

3.3 Takmarkanir á veðsetningu eigna í hjúskaparlögum

Takmarkanir þær á veðsetningu sem er að finna í hjúskaparlögum eru mögulega þær sem snerta flest fólk í samfélaginu þegar kemur að takmörkunum veðsetninga að lögum yfir höfuð. Þær takmarkanir eru líka þær sem standa næst sem flestum þegnum samfélagsins. Í þessum kafla verður fjallað um takmarkanir sem er að finna í ákvæðum hjúskaparlaga og hugleitt um tilgang þeirra og tilætlan.

3.3.1 Tilgangur takmarkana hjúskaparlaga

Meginreglan að íslenskum rétti er sú að hvort hjóna um sig hafi forræði hjúskapareigna sinna og var sú regla í fyrirrúmi eldri hjúskaparlaga nr. 20/1923. Þrátt fyrir þessa meginreglu eru reistar skorður við því í einstaka tilviki að annað hjóna geti ráðstafað eignum sínum, sem taldar eru mikilvægar í fjölskyldulegu samhengi, þannig að bitni á högum maka. Í 20. og 21. gr. eldri laganna, var áskilið samþykki hins makans ef ætlunin væri að afhenda, veðsetja eða leigja fasteign sem var hjúskapareign og fjölskyldan bjó á eða notuð var við atvinnurekstur hins hjóna.²³ Í núgildandi hjúskaparlögum nr. 31/1993 (hér eftir hjsl.) eru samsvarandi ákvæði í 60. og 61. gr. Þær reisa samsvarandi skorður við forræði maka yfir hjúskapareign sinni.

Takmarkanir í 60. gr. eru fólgnar í því að áskilja skriflegt samþykki þess maka sem á ekki eignina ef ætlunin er að afhenda, leigja, byggja eða veðsetja. Í 61. gr. eru svipaðar takmarkanir á ráðstöfun varðandi innbú o.fl. Lagareglur þessar eru verndarreglur og eru settar í þágu fjölskyldunnar. Þessi úrræði eiga rót að rekja til þess hversu nauðsynlegt það er að vernda fjölskylduna og stuðla að samráðum hjóna um íbúðarhúsnæði og innanstokksmuni á heimili sem eru grundvallarmál hjá hverri fjölskyldu.²⁴ Ármann Snævarr hugleiðir frekari rök fyrir setningu þessara takmarkana í bók sinni *Hjúskapar og sambúðarréttur*, en þar segir hann t.d. að eðlilegt sé að áskilin séu samráð hjóna um mál sem hafa í för með sér svo örlagaríkar afleiðingar í lífi fjölskyldu. Efnahagsleg og félagsleg samstaða fjölskyldu hljóti að mæla með

²² Alþt. 1996-97, A-deild, bls. 2137.

²³ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 2510

²⁴ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 2515-16

þess konar samráðum og vitaskuld myndi slíku málefni, sem greinir í 61. og 61. gr., sjaldnast verða ráðið til lykta án samþykkis beggja í fjölskyldum þar sem allt væri með felldu um sambúðina.²⁵

Löggjafinn hefur tekið þá ákvörðun að nauðsynlegt sé að vernda ákveðnar eignir, sem mikilvægar eru í félagslegu sjónarmiði, fyrir því að með þær sé farið á óheppilegan máta. Þannig eru settar takmarkanir fyrir því hvernig fara megir með þær, t.d. í viðskiptum, og þ.á m. með veðsetningu.

Í 1. mgr. 62. gr. er áréttað að bæði 60. og 61. gr. eigi við hvort sem eign er hjúskapareign eða séreign hjóna. Þar stendur einnig í 2. mgr. að ákvæðin gildi einnig um sameignir hjóna, hvort sem samningur taki til hlutarins í heild eða aðeins að hluta. Í 3. mgr. segir að ákvæðin gildi einnig þótt hjón hafi slitið samvistir, svo og eftir skilnað að borði og sæng eða lögskilnað, uns úr því er skorið hvort hjóna fái verðmæti í sinn hlut. Fyrstu tvær málsgreinar þessa ákvæðis eru nýmæli frá eldri lögum, en 3. mgr. er sambærileg við 3. og 4. másl. 1. mgr. 20. gr. eldri laganna.²⁶ Frekar verður fjallað um ákvæði 62. – 65. gr. hjsl. hér síðar.

3.3.2 Um 60. gr. hjúskaparlaga

Í 60. gr. hjsl er fjallað um takmörkun afhendingar eða veðsetningar fasteigna annars hjóna án samþykkis hins. Hugtakið fasteign er ekki skilgreint sérstaklega í lögnum og verður því að miða við hið almenna fasteignahugtak eignaréttarins.²⁷

Ákvæði 60. gr. hjsl. tekur til tiltekinna fasteigna. Ákvæðið segir um veðsetningu, að öðru hjóna sé óheimilt án skriflegs samþykkis hins makans, að veðsetja fasteign sína, þar á meðal sumarbústað, ef hún er ætluð til bústaðar fyrir fjölskylduna eða notuð við atvinnurekstur beggja hjóna eða hins. Úr þessu má lesa að ákvæðið tekur ekki til allra fasteigna. Það tekur til fasteigna sem ætlaðar eru til *bústaðar* fyrir fjölskylduna (þ.á m. sumarbústaða). Það tekur síðan til fasteigna sem notaðar eru til *atvinnureksturs* beggja eða þess maka, sem ekki á eignina.

Í *Hrd. 1984, bls. 1454 (Grænamýri)* þurfti Hæstiréttur að skera úr um hvort verndarákvæði 20. gr. eldri laganna (nú 60. gr.) myndi ná yfir veðsetningu fasteignar að Grænumýri 20, Akureyri. Í lokaorðum dómsins segir svo:

Kröfugerð áfrýjenda er enn fremur studd þeim rökum, að Grænamýri 20 hafi verið „hjúskapareign áfrýjenda.“ Geti stefndi því engan rétt byggt á fjárnáminu í Grænumýri 20, þar sem samþykkis áfrýjandans Hrefnu hafi ekki verið leitað, svo sem nauðsynlegt hefði verið vegna

²⁵ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 421

²⁶ Alþt. 1992-93, A-deild, bls. 2519

²⁷ Í heftinu *Kaflar úr eignarétti* segir Þorgeir Örlygsson, að í fræðiritum sé hugtakið fasteign venjulega skilgreint á þá leið, að fasteign sé afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum, og þeim mannvirkjum, sem varanlega eru við landið skeytt.

ákvæða 20. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. En þegar af þeirri ástæðu, að ætla verður af gögnum máls og málf lutningi, að Grænamýri 20 hafi verið hjúskapareign áfrýjandans Y og hvorki hafi fjölskyldan búið á eigninni né heldur geti eignin talist hafa verið notuð til atvinnurekstrar beggja hjónanna eða áfrýjandans H, þótt hún væri leigð út, sbr. áður nefnda 20. gr., verður fjárnáminu ekki hrundið af þessari ástæðu. (leturbr. mínar)

Sumarbústaðir eru nefndir í 1. mgr. 60. gr. hjsl., en það er nýmæli frá eldri lögum. Með þróun fasteignamála hefur þetta verið talið þarft til þess að vernda hagsmuni fjölskyldunnar enn frekar og löggerningar um slík húsnæði séu gerðir í sátt millum maka, enda gegna sumarbústaðir mikilvægu hlutverki í afþreyingu og annars háttar frístundamálum fjölskyldunnar, séu þeir til staðar. Sömu reglur og áður voru taldar varðandi fasteignahugtakið gilda um sumarbústaði líkt og aðrar fasteignir, en krefjast verður þess að þeir hafi lóðarréttindi svo 60. gr. hjsl. taki til þeirra.²⁸

Meira álitamál getur verið falið í því að sumarbústaður sé að hluta leigður út. Sumarbústaður sem að er reistur gagnert til útleigu myndi falla utan marka 60. gr. hjsl. en ef hann er að hluta leigður út en að hluta notaður fyrir fjölskylduna, gæti hann fallið innan 60. gr. hjsl.²⁹

Í 60. gr. hjsl. segir að samþykki þurfi fyrir veðsetningu, ef hún er ætluð til bústaðar fyrir fjölskylduna. Orðalagið á rót að rekja til norræns lagasamstarfs, þar sem sú skoðun var uppi að verndarreglan væri of þröng, ef það væri sett að skilyrði að fjölskyldan byggji á eign. Með því var reglan rýmkuð þannig að hún næði til fasteignar, sem ætluð væri til bústaðar fyrir fjölskyldu.³⁰ Með þessu getur ákvæðið einnig tekið til annarra fasteigna sem að fjölskylda getur átt, utan þeirrar sem að hún hefur á fasta búsetu.

3.3.3 Um 61. gr. hjúskaparlaga

Í 61. gr. hjsl. er mælt fyrir sömu vernd og í 60. gr., en verndarandlagið er annað. Í greininni segir að öðru hjóna sé óheimilt án skriflegs samþykkis hins að afhenda, veðsetja eða leigja innbú á sameiginlegu heimili þeirra eða annað lausafé sem ætlað er til persónulegra nota fyrir hinn makann eða börn þeirra eða fyrir sameiginlegan atvinnurekstur þeirra. Takmörkun þessi á veðsetningu nær til innanstokksmuna á heimili, svo sem húsgagna, heimilistækja, málverka, bóka og svo framvegis. Ekki er líklegt að aðrir munir en þeir sem teljast til venjulegs innbús myndu falla undir þessa takmörkun. Sjá þó Hrd. 2004, bls 470 (*Toyota Yaris*)

J og K skildu og var uppi ágreiningur vegna fjárskipta. Úrskurður um opinber skipti var síðar kveðinn upp. J hafði verið skráður eigandi bifreiðar, sem hann afsalaði til Þ, eftir skilnað, en fyrir

²⁸ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 426

²⁹ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 426

³⁰ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 429

skipti. K krafðist ógildingar afsalsins. Í héraðsdómi, sem staðfestur var með vísan til forsendna hans, var talið sýnt að umrædd bifreið hefði verið ætluð til persónulegra nota K og hefði J því verið framsalið óheimilt án samþykkis hennar samkvæmt 61. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Í hjúskaparlögum frá 1923, var mælt fyrir um samþykki maka um löggerninga varðandi „naudsynleg vinnutæki“ sem hitt notaði. Með því að breyta orðalagi núgildandi ákvæðis var ætlunin að rýmka efni þess svo sem kemur fram í greinargerð.³¹

Síðar verður fjallað um afleiðingar þess að hlutir séu veðsettir án heimildar í lögum, en vert er að minnast á það hér að riftun löggernings skv. 61. gr., er háð því að viðsemjandi sé grandsamur, sbr. 65. gr. Það þýðir að ef annað hjóna veðsetur innanstokksmuni eða annað lausafé ætlað til persónulegra nota fyrir hinn makann eða börn, er sá samningur gildur gagnvart þriðja manni, sé hann grandlaus við samningsgerðina.

3.3.4 Ákvæði 62.-65. gr. hjúskaparlaga

Ákvæði 62. - 65. gr. hjsl. eru einskonar fyllingarákvæði 60. og 61. gr. hjsl. Í 62. – 65. gr. er mælt þannig fyrir um gildissvið 60. – 61. gr., sbr. 62. gr., málsmeðferðarúrræðum, sbr. 63. gr., reglum við þinglýsingu, sbr. 64. gr. og hugræn gildisskilyrði ákvæðanna, sbr. 65. gr. Verður hér nánar farið í hvert ákvæði.

Eins og áður segir, kemur fram í 2. mgr. 62. gr. hjsl. að ákvæði 60. og 61. gr. gildi þótt samningur taki aðeins til hluta eignar. Ákvæðin tvö taka mið af því eftir orðalagi sínu að fasteign sé afhent eða veðsett í heild sinni. Er með 62. gr. hjsl. verið að áréttta og víkka verndarsvið ákvæðanna frá fyrri lögum. Með því var lögfest fræðiskýring á því hvernig ákvæði fyrri laga voru túlkuð. Þrátt fyrir að ekki hafi verið að finna sambærilegt ákvæði og er að finna í 1. og 2. mgr. 62. gr. hjsl. í eldri lögum, var það viðtekin lögskýring og að sumu leyti dómhelguð skýring að íslenskum rétti að verndarákvæði eldri laganna um afhendingu og veðsetningu fasteigna, ætti að ná yfir samninga sem að tækju aðeins til hluta þeirra, þótt ekki stæði berum orðum.³²

Í 63. gr. hjsl. segir ef maki eða lögráðamaður hans synjar um samþykki til löggernings skv. 60. og 61. gr. eða eigi er unnt án verulegs dráttar að afla samþykkis þeirra og getur hinn makinn eða viðsemjandi hans þá krafist þess að sýslumaður samþykki hann. Getur hann veitt samþykki sitt ef hann telur rök mæla með því. Hér er mælt fyrir um að bæði makinn er stendur að löggerningnum og viðsemjandi hans geta skotið málinu til sýslumanns. Rétt þykir að veita viðsemjanda maka sem stendur að löggerningnum heimildina, enda getur hann átt mikilla

³¹ Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 432-33

³² Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur*, bls. 427

hagsmuna að gæta og sá maki, er samið hefur, kann að sjá eftir samningsgerð og getur þá losnað undan skyldum sínum með því að telja hinn á að synja um samþykki. Sýslumaður metur þetta mál eftir öllum aðstæðum. Getur hann veitt samþykki ef hann telur rök mæla með því, þar á meðal ef hann telur að synjun sé reist á ómálefnalegum sjónarmiðum. Ákvæðið á einnig við ef ekki hefur verið hægt án verulegs dráttar að afla samþykkis maka eða lögráðamanns.³³

Í 64. gr. hjsl. er regla um þinglýsingu löggernings og segir að ef óskað er þinglýsingar á löggerningum er 60. gr. laganna tekur til, skuli skjalið þá geyma yfirlýsingu um hvort sá er skjál stafar frá sé í hjúskap og hvort eign sé bústaður fjölskyldu hans eða notuð við atvinnurekstur hjóna eða sé ætluð til þess.

Að lokum er í 65. gr. hjsl. kveðið á um hugræn skilyrði þess að löggerningi sem gangi gegn 60. og 61. gr. verði hrundið, en í 1. másl. 1. mgr. 65. gr. segir að ef annað hjóna hefur gert samning án samþykkis hins þar sem þessa var þörf og getur hitt þá fengið samningnum hrundið með dómi. Mikilsverð undantekning er í 2. másl. greinarinnar, en þar segir að ákvæðið eigi ekki við um samninga skv. 61. gr. ef viðsemjandi var grandlaus við samningsgerðina.

Málshöfðunarfrestur er greindur í 2. mgr. 65. gr. en þar segir að dómsmál skal höfða innan sex mánaða frá því að það hjóna, sem samþykkja skyldi löggerninginn, fékk vitneskju um hann og í síðasta lagi innan árs frá því að honum var þinglýst eða lausafé afhent.³⁴

4 Dæmi um önnur lög sem takmarka veðsetningu

Hér áður hefur verið farið yfir þær takmarkanir laga á veðsetningu, sem hvað mest gildi hafa í lögskiptum manna. Sú yfirferð tekur aðeins á hluta þeirra lagaákvæða sem að takmarka veðsetningu, en vegna gildis þeirra var ákveðið að gefa þeim meira vægi í umfjölluninni. Þessum kafla er hins vegar ætlað að gefa stutt yfirlit yfir önnur lagaákvæði annarra lagabálka sem að takmarka veðsetningu á einhvern hátt, en tekið skal fram að aðeins verður stiklað á stóru og ekki farið ítarlega í hvert og eitt ákvæði.

Í leyfisveitingum ríkisins til rannsóknar og nýtingar á auðlindum í jörðu hefur verið tekin sú ákvörðun að heimila ekki framsal slíkra leyfa. Í 32. gr. laga nr. 57/1998 kemur þetta fram. Í ákvæðinu segir einnig að ekki megi setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Orkustofnunar. Sams konar takmarkanir gilda um leyfi til vinnslu kolvetnis samvæmt lögum nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, sbr. 1. mgr. 30. gr. þeirra laga.

³³ Alpt. 1992-93, A-deild, bls. 2519

³⁴ Alpt. 1992-93, A-deild, bls. 2519-20

Tilgangurinn með því að áskilja leyfi ráðherra til þess að framselja leyfi er sá að fyrirtæki sem fær leyfið framselt fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru að öðru leyti fyrir veitingu leyfis.³⁵

Á svipuðum nótum má nefna 4. mgr. 5. gr. laga nr. 139/1998 um gagnagrunn á heilbrigðissviði, en þar segir að rekstrarleyfi og gagnagrunnur samkvæmt lögum þeim, séu hvorki framseljanleg né aðfararhæf. Óheimilt sé að setja rekstrarleyfi eða gagnagrunn til tryggingar fjárskuldbindingum. Í athugasemdum við greinina í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 139/1998 segir að talið hafi verið nauðsynlegt að setja slík skilyrði til að tryggja öryggi upplýsinga í gagnagrunninum og hagsmuni og hagnýtingarmöguleika heilbrigðisyrvalda ef röskun verður á starfsemi leyfishafa.³⁶

Í 2. mgr 18. gr. erfðalaga nr. 8/1962 má erfingi ekki afhenda hlut sinn í óskiptu búi eða skuldfesta hann, og skv. 1. mgr. 27. gr. sömu laga er erfingja óheimilt að ráðstafa arfi, sem hann á í vændum. Með afhendingu er í meginatriðum átt við fyrirframgefið framsal á arfi, með eða án endurgjalds og með skuldfestingu er einkum átt við veðsetningu.³⁷ Rökin fyrir reglunum eru þau að veruleg óvissa ríkir um það hver erfðahluturinn verði. Áhættan gerir það að verkum að gerningur getur orðið erfingjanum óhagstæður og mun sammingsgerð um hann yfirleitt leiða til afarkosta.³⁸ Með þessu móti er því erfingja greiði gerður með því að takmarka veðsetningarheimild hans.

Í 57. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 segir að óheimilt sé að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þeim. Í 5. mgr. 19. gr. laga nr. 66/2003 um húsnæðissamvinnufélög segir, að búseturéttarhafa sé óheimilt að veðsetja búseturétt sinn. Þar sem búseturéttur felur aðeins í sér lítinn eignarhlut í íbúð, sem háður er miklum takmörkunum, telst óeðlilegt ef hægt væri að veðsetja hann.

Framangreindar tilvitnanir eru eins og áður var tekið fram ekki tæmandi taldar yfir þau lög sem takmarka veðsetningu verðmæta. Til eru dæmi þess að aðeins sé tekið fram í lögum að óheimilt sé að framselja réttindi. Með skírskotun í 2. mgr. 3. gr. svl. eru þau réttindi þá einnig takmörkuð með þeim hætti að ekki er hægt að veðsetja þau. Sem dæmi má nefna, að íbúð í fjöleignarhúsi fylgi hlutdeild í sameign hússins, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laganna verður hlutdeild í sameign fjöleignarhúss ekki skilin frá íbúðunum og þannig óheimilt að framselja hana. Með þeirri takmörkun virkist 2. mgr. 3. gr. svl., og veðsetning hlutdeildar í sameign því óheimil. Lagaleg rök fyrir þessu sjónarmiði

³⁵ Alpt. 2000-01, A-deild, bls. 1014

³⁶ Alpt. 1998-99, A-deild, bls. 718

³⁷ Páll Sigurðsson: *Erfðaréttur*, bls. 161

³⁸ Ármann Snævarr: *Erfðaréttur*, bls. 181

eru auðséð, en ef hlutdeildin væri veðsetjanleg, gæti það vitaskuld leitt til aðilaskipta að henni. Með því yrðu lagasetningar sem ættu tilgang sinn í því að takmarka aðilaskipti að ákveðnum réttindum eða verðmætum, orðnar að engu. Ekki kemur þetta þó í veg fyrir það að eigandi veðsetji svo samsvari sínum eignarhluta, eins og kom fram í Hrd. 1986, bls 374 (*Lindarflöt*):

A og B áttu fasteign í óskiptri sameign. A veðsetti eignarhluta sinn og lét þinglýsa veðskjölunum. Með heimild í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978 kærði B til Hæstaréttar þá ákvörðun þinglýsingardómarans að þinglýsa veðskuldum þessum. Ákvörðun þinglýsingardómarans var staðfest, þar sem þess var getið í veðskjölunum, að A veðsetti eignarhluta sinn. Var talið, að A hefði verið þetta heimilt, enda veitti veðsetningin veðhafa ekki meiri rétt til eignarinnar en A átti.

Fyrir kemur að framsal, skipting eða sala réttinda eða verðmæta, sé háð samþykki stjórnvalda eða annarra aðila. Þær takmarkanir gilda þá einnig um veðsetningu þeirra. Í 2. mgr. 15. gr. svl. kemur fram sú regla, að sé skipting fasteignar háð samþykki tiltekins stjórnvalds, verði afmarkaður hluti fasteignarinnar ekki veðsettur sérstaklega, fyrr en viðkomandi stjórnvald hefur veitt samþykki sitt til skiptingar eignarinnar. Ákvæðið bannar ekki sem slíkt veðsetningu aðgreindra hluta fasteignar, en það er ljóst að veðsetning getur leitt til aðilaskipta að þeim. Í einstaka lögum, er skipting fasteigna háð samþykki opinberra aðila, svo sem 2. mgr. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem segir að óheimilt sé að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til. Er ákvæði 2. mgr. 15. gr. svl. gert með það að markmiði, að tryggja að ekki sé farið í kringum ákvæði sem þessi, með því að koma á aðilaskiptum með veðsetningum. Samningar sem fara gegn 2. mgr. 15. gr. eru því ógildir.³⁹

Í XII. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti er kveðið á um þýðingu þess að bú skuldara sé tekið til gjaldþrotaskipta. Í 1. mgr. 72. gr. laganna segir að þegar héraðsdómari kveður upp úrskurð um að bú skuldans sé tekið til gjaldþrotaskipta tekur þrotabú skuldans við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut við uppkvaðningu úrskurðarins, nema annað leiði af réttarreglum, eðli réttindanna eða löggerningi sem verður ekki hnekktt vegna gjaldþrotaskiptanna. Af því leiðir að þrotamaður getur ekki stofnað til veðskulda yfir eignum sem að eru andlag skiptanna. Meðan á gjaldþrotaskiptum stendur eignast þrotabúið þau fjárhagslegu réttindi sem hefðu ella fallið til þrotamannsins, enda hefðu þau ekki verið undanþegin skv. 1. mgr. 72. gr. ef þau hefðu verið komin í eigu hans þegar héraðsdómari kvað upp úrskurð um að búið væri tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. 1. mgr. 73. gr. Í sömu grein er þó tekið fram að undanþegið skiptum sé það sem þrotamaður vinnur sér inn meðan á skiptunum

³⁹ Alpt. 1996-97, A-deild, bls. 2155

stendur, sem og arfur, dánargjöf eða lífsgjöf sem fellur eða kemur til framkvæmdar meðan á skiptunum stendur, ef arfleiddandi eða gefandi hefur ákveðið þá undanþágu á lögmætan hátt. Að lokum er það einnig undanþegið sem þrotamaður vinnur sér inn með andvirði þess sem áður er talið, sbr. 3. tl. 1. mgr. 73. gr.

Sammerkt virðist með ofangreindum lagaákvæðum að viðkomandi fjárhagsleg verðmæti sem háð eru þessum takmörkunum, eru ýmist óljós að efni til eða háð leyfi stjórnvalda til notkunar. Þannig hefur löggjafanum þótt mikilvægt í hverju tilviki fyrir sig að takmarka heimild eiganda til þess að veðsetja verðmætin, vegna þess að óæskilegt ástand gæti skapast í kjölfarið.

5 Afleiðingar þess að eignir eru heimildarlaust veðsettar og úrræði

Mismunandi er eftir því hvaða lagaákvæði gengið er gegn með veðsetningu, hverjar afleiðingar þess eru að veðsetja eignir eða réttindi heimildarlaust. Meginreglan er þó sú, að sé veðsett í trássi við lög, er sú veðsetning ógild. Það er þó ekki einhlítt, því eins og áður var nefnt í umfjöllun um 61. gr. hjsl. geta lög verið þannig úr garði gerð að ef viðsemjandi veðsala er grandlaus við samningsgerðina, er veðsamningurinn gildur gagnvart honum.

Ákvæði laga geta einnig kveðið á um úrræði fyrir þriðja aðila, sé eign veðsett heimildarlaust, sbr. 65. gr. hjsl sem fjallar um ógildingu samninga sem ganga í berhögg við 60. – 62. gr. laganna. Eins og áður var talað um í kafla um hjúskaparlögin, segir í 65. gr. í 1. mgr. að hafi annað hjóna gert samning án samþykkis hins þar sem þessa var þörf og getur hitt þá fengið samningnum hrundið með dómi. Þetta eigi þó ekki við um samninga skv. 61. gr. ef viðsemjandi sýnir fram á að honum hafi hvorki verið ljóst né átt að vera ljóst þegar samningurinn var gerður að makanum væri samningsgerðin óheimil. Má hér nefna *Hrd. 1981, bls. 1398 (Miðvangur)*:

K höfðaði mál til riftunar veðrétti sem eiginmaður hennar M, hafði stofnað til í húseign þeirra hjóna án hennar leyfis. Þar sem málið hafði ekki verið höfðað innan þeirra fresta sem lögboðnir voru samkvæmt þágildandi lögum nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna, náði krafa R um riftun veðréttar ekki fram að ganga.⁴⁰

Hægt er að krefjast þess með dómi í almennu einkamáli, að veðskuldabréf verði lýst óskuldbindnandi og veðhafa sé skylt að láta aflýsa veðinu af viðkomandi eign.⁴¹ Var það gert í *Hrd. 1938, bls. 41 (Leifsgata)*

⁴⁰ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 128

⁴¹ Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur*, bls. 130

Seljendur veðsettu frekar á eign sína eftir að kaupsamningi, en áður en afsali, var þinglýst. Sagði í Hæstarétti að aðaláfrýjendur (seljendur) gátu ekki, jafnframt því sem þeir 26. jan. og 1. febrúar 1936 afsöluðu sér þeim 1. veðrétti, er þeir með tryggingarbréfi S, dags. 30. apríl 1935 höfðu fengið í umræddu húsi fyrir vöruláni þeirra til hans, að upphæð kr. 32000.00, áskilið sér 3. veðrétt í eigninni fyrir allri kröfunni eða nokkrum hluta hennar, nema því aðeins, að samþykki gagnáfrýjanda kæmi til. Bæri því að láta seljendur aflýsa tryggingarbréfinu.

6 Niðurlag

Veðsetningar stuðla að viðskiptum milli fólks. Þær setja tryggingar fyrir greiðslum og tryggja forgangsrétt veðhafa að fullnustu greiðslu skuldara. Þegar svo mikilvæg réttindi eru fyrir hendi, sem svo margir notast við og treysta á, þarf sterkt og stöðugt regluverk að vera við lýði. Í ritgerð þessari hefur nú verið gefið stutt yfirlit yfir þau tilvik, þar sem lög takmarka það að menn veðsetji eignir sínar eða réttindi og í senn rætt afhverju slíkar takmarkanir eru þarfar í hverju tilviki.

Ekki verður séð annað en að sanngjarnt og rótgróið lagaumhverfi sé fyrir hendi í þessum efnum, af því sem upp er talið hér. Löggjafinn virðist ekki takmarka heimild til veðsetningar nema af því er þarft reynist frá samfélagslegu sjónarhorni og efnahagslegum forsendum. Þannig veitir sérgreiningarregla samningsveðslaganna vernd fyrir því að veðsamningar verði óskýrir eða menn veðsetji allar sínar eignir á einu bretti. Ákvæði hjúskaparlaga, sem takmarka afhendingu og veðsetningu hjúskapareigna, eru sett til verndar fjölskyldunni, ekki bara hvað varðar bústað heldur einnig nauðsynjar til heimilishalds, svo eitthvað sé nefnt. Allt á þetta sér skýr samfélagsleg rök að baki.

Með þróun í takt við þjóðfélagsbreytingar, verða til ný réttindi og nýjar eignir manna. Eignaréttur manna tekur sífelldum breytingum og löggjafinn þarf að bregðast við. Skýrt dæmi um þetta er nýmæli 4. mgr. 3. gr. svl., þar sem rök hafa legið að því að takmarka veðsetningarheimild manna fyrir réttindi til nýtingar í atvinnurekstri. Svo ríkisvaldið taki sér í hendur að takmarka svo mikilvæg réttindi manna yfir eignum sínum, þurfa rökin að vera góð. Þannig verður fróðlegt að sjá, hvaða verðmæti verða næst talin þess eðlis, að talið verði nauðsynlegt að hafa afskipti af með lögum, á þessu sviði.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Ármann Snævarr: *Erfðaréttur.* Reykjavík 1991.

Ármann Snævarr: *Hjúskapar- og sambúðarréttur.* Reykjavík 2008.

Gaukur Jörundsson: *Um veðréttindi.* Reykjavík 1984.

Helgi Áss Grétarsson: *Þjóðin og kvótinn. Um íslenska fiskveiðistjórnkerfið 1991-2010 og stjórnskipuleg álitaeefni.* Reykjavík 2011.

Ólafur Lárusson: *Fyrirlestrar um veðréttindi.* 3. útg. Reykjavík 1965.

Páll Sigurðsson: *Erfðaréttur. Yfirlit um meginreglur erfðaréttar.* Reykjavík 1998.

Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða.* Reykjavík 2007.

Þorgeir Örlygsson: *Veðréttur.* Reykjavík 2010.

Þorgeir Örlygsson: *Kaflar úr eignarétti I.* Reykjavík 1998.

DÓMASKRÁ

Hrd. 1933, bls. 436

Hrd. 1938, bls. 41

Hrd. 1981, bls. 1398

Hrd. 1984, bls. 1454

Hrd. 1986, bls 374

Hrd. 1998, bls. 4976

Hrd. 2004, bls 470

Hrd. 29. ágúst 2005 (282/2005)